

119. Þingflokksfundur, mánudaginn 15. júní, kl. 13.00

Fundinn sitja: Alla, Birgitta, Helgi Hrafn og Jón Þór.

Berglind Rósa ritar fundargerð

1. Bréf af þingflokksformannafundi

Helgi Hrafn gerði þingflokknum grein fyrir því sem fram fór á stuttum fundi þingflokksformanna í hádeginu.

2. Dagskráin í dag

Gert verður hlé á þingfundi eftir að óundibúnum fyrirspurnartíma lýkur og munu þá þingflokksformenn funda aftur.

3. Bréf úr nefndum

Helgi Hrafn gerði grein fyrir gangi mála í allsherjar- og menntamálanefnd. Mörg mál hafa verið afgreidd úr nefndinni, s.s. afnám refsinga við guðlasti. Jón Þór brífaði úr efnahags- og viðskiptanefnd þar sem aðferðafræðin við afnám hafta var rædd.

4. Útspil Morgunblaðsins í dag

Samþykkt að bíða með viðbrögð þar til þingi lýkur en ákveðið að birta bréf sem þingflokkurinn sendi Morgunblaðinu 20. maí sl. þar sem staðreyndavillur eru leiðréttar.

5. Fundur um framtíðarsýn í ferðamálum á morgun kl. 12.30.

Þingmenn flokksins munu mæta ef tími gefst.

Fundi slitið kl. 14.15.